

Nd.

## 210. Frumvarp til laga

um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

### I. KAFLI

#### Um tollstjórn.

##### 1. gr.

Yfirstjórn tollmála hefir fjármálaráðherra. Sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og sérstakir lögreglustjórar í kaupúnum eru tollstjórar í umdæmum sínum, hvers um sig. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri.

##### 2. gr.

Sérstakir tollgæzlumenn eru tollstjórum til aðstoðar, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð. Með reglugerð skulu og sett fyrirmæli um störf, starfsvið og stjórn tollgæzlumanna. Þeim skal gefið erindisbréf og nákvæmar reglur til að fara eftir í starfi sínu.

##### 3. gr.

Á höfnum, þar sem ekki er tollstjóri, skal tollstjóri í því umdæmi, sem höfnin er, hafa umboðsmann. Tollstjórum ber að senda fjármálaráðuneytinu tilkynning um slíka umboðsmenn jafnskjótt sem þeir eru ráðnir, en ráðuneytið semur skrá yfir umboðsmennina og sendir skrána öllum tollstjórum. Allar breytingar á skránni birtir ráðuneytið þegar í lögbirtingablaði.

Þegar talað er um höfn í lögum þessum, er átt við löggilta höfn.

##### 4. gr.

Tolleftirlitsmenn samkvæmt lögum þessum eru tollstjórar, umboðsmenn þeirra og sérstakir tollgæzlumenn.

Þegar tolleftirlitsmenn eru að störfum, skulu þeir vera einkennisklæddir eða hafa í vörzlum sínum og framvisa, ef með þarf, einkennismerki, sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina: Tollmerki Íslands. Rétt er og, að farartæki tolleftirlitsmanna hafi tollgæzlufánann, sem samkvæmt konungsúrskurði nr. 1 12. febr. 1919 er ríkisfáninn, klofinn að framan, með stóru tvi (T) í efri stangarreit fánans.

Komi tolleftirlitsmenn fram í einkennisbúningi sínum eða hafi þeir framvisað framangreindu einkennismerki eða dregið tollfánann við hún, hafa þeir á fullnægjandi hátt gefið til kynna, að þeir séu réttir tolleftirlitsmenn að starfi.

### II. KAFLI

#### Um tolleftirlit.

##### 5. gr.

Ekkert aðkomuskip má, nema tilneytt sé, hleypa mönnum eða farangri á land, né hafa annað samband við land eða landsbúa, annarsstaðar en á höfnum.

Þegar talað er um skip í lögum þessum, er átt við sérhvert fljótandi far, en með aðkomuskipi er átt við sérhvert skip, sem kemur hér að landi frá útlöndum. Er skipið aðkomuskip þar til það hefir verið afgreitt af tolleftirlitsmönnum og þeir hafa leyft samgöngur við skipið.

6. gr.

Íslensk skip mega ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við mönnum, vörum eða öðrum farangri úr aðkomuskipum, hleypa mönnum út í slík skip né hafa önnur mök við þau eða menn úr þeim, nema tilneydd séu.

7. gr.

Ákveða má með reglugerð, að farþega- og vöruflutningaskip, sem ekki ganga eftir fyrirfram opinberlega birtum áætlunum, skuli á leið frá útlöndum koma, nema tilneydd séu, á tilteknar hafnir til að fá fyrstu afgreiðslu hér á landi. Ef þau hinsvegar ætla að fá fyrstu afgreiðslu hér á landi á öðrum höfnum en þeim, sem tilgreindar verða, skuli tilkynna það töllyfirvaldi því, sem í reglugerðinni greinir, með fyrirvara, sem skal ákveðinn þar.

Einnig má í reglugerðinni ákveða, að loftför, flugvélar, flugbátar og önnur flugtæki, sem koma frá öðrum löndum, megi aðeins lenda á tilteknum höfnum eða flugvöllum hér á landi.

Verði slík reglugerð, sem hér er gert ráð fyrir, gefin út, skal hún ekki öðlast gildi fyrr en 3 mánuðum eftir að hún er gefin út, og skal senda hana umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum. Í reglugerðinni má ákveða viðurlög fyrir brot gegn henni, og skulu þau miðuð við lestatölu skipa og farþega- og vörurúm flugtækja.

8. gr.

Öll skip eru háð tolleftirliti, hvort sem þau eru á höfnum inni eða innan íslenskrar landhelgi, en landhelgi telst samkvæmt lögum þessum 4 sjómilur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólum, er upp úr sjó koma. Firðir og vikur teljast í landhelgi 4 sjómilur til hafs frá línu, sem dregin er þar, sem 12 sjómilur verða milli nesja, næst fjarðarmynni.

9. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að stöðva skip á höfnum inni og utan hafna innan landhelginnar til rannsóknar, og þegar tolleftirlitsmenn gefa til kynna, að þeir vilji hafa samband við skip, er skipstjóra skylt að hægja ferð skipsins eða stöðva það, til þess að slíkt samband geti átt sér stað.

Ef tolleftirlitsmenn óska eftir því að komast á skipsfjöl eða frá borði, er skipstjóra skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

10. gr.

Við rannsókn eða afgreiðslu er tolleftirlitsmönnum heimilt að leita alstaðar í skipi, í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tolleftirlitsmönnum þykir ástæða til að ætla, að leyni á sér vörum eða hlutum til að skjóta undan rannsókn, tollgreiðslu eða bannað er að flytja í land eða úr landi.

Meðan stendur á afgreiðslu skips, er tolleftirlitsmönnum heimilt að mæla svo fyrir, að enginn megi hvorki koma á skipsfjöl né fara frá borði, meðan á rannsókn eða afgreiðslu stendur, nema leyfi tolleftirlitsmanna komi til. Svo er tolleftirlitsmönnum og heimilt að banna skipstjóra að leggja skipi að bryggju eða öðru hafnarvirki fyrr en þeir segja til, að það megi.

11. gr.

Þegar tolleftirlitsmenn eru að rannsókn eða afgreiðslu í skipi, er skipstjóra skylt að veita þeim alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að rannsókn gangi sem greiðast og án tafar og tálmana, svo og að gefa þeim upplýsingar um farmrúm, geymslurúm, farrúm, vistarverur skipverja, kjölfesturúm og aðra staði í skipi, og um farþega, skipshöfn og annað það, sem tolleftirlitsmönnum er nauðsynlegt að vita vegna rannsóknar eða starfa sinna í skipi.

12. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla farmrúm, vistageymslur og aðra staði í skipi, eftir því sem þeim þykir nauðsyn bera til. Skipstjóra er skylt að veita toll-  
eftirlitsmönnum aðstoð, ef þeir óska eftir henni við innsíglun, svo og að vekja athygli  
tolleftirlitsmanna á þeim stöðum, þar sem innsíglun myndi ekki koma að haldi.

Innsigli þau, sem tolleftirlitsmenn setja fyrir lestar skipa, herbergi, hólf eða aðra  
staði í skipi, má enginn hreyfa eða rjúfa, nema tolleftirlitsmenn, enda ber skipstjóri  
ábyrgð á því, að þau séu ekki rofin eða hreyfð, meðan skipið er hér við land, nema af  
tolleftirlitsmönnum.

13. gr.

Þegar aðkomuskip hafnar sig í islenzkum höfnum, skulu tolleftirlitsmenn ann-  
ast afgreiðslu þess, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum og öðrum lögum, sem í  
gildi eru og til greina geta komið.

Skip, sem koma frá innanlandshöfnum eða af fiskveiðum, skulu, ef tolleftir-  
litsmenn telja þess þörf, háð sömu reglum og aðkomuskip, og skulu þá tolleftirlits-  
menn, þegar þeir koma á skipsfjöl, tilkynna skipstjóra eða þeim, sem þar er í hans  
stað, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með aðkomuskipum.

14. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að afkvía skip, sem lagzt er að bryggju, eða öðru  
hafnarvirki, og að banna mönnum að koma úr landi á skipsfjöl, þar til afgreiðslu  
er lokið, svo og að mæla svo fyrir, að farþegar og aðrir megi aðeins fara frá borði á  
tilteknum stað á skipinu.

15. gr.

Skipstjóra ber að láta tolleftirlitsmönnum í té tollskjöl og önnur afgreiðsluskjöl,  
sem skipið hefir fengið á síðustu höfn, er það hefir fengið afgreiðslu á, hvort sem  
sú höfn hefir verið erlendis eða hér á landi, svo og farmskrár, farmskrárútdrætti,  
farmskírteini og önnur skjöl varðandi vörur í skipi.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt, þegar þeir hafa lokið við að afgreiða skip, að  
taka í sínar vörzlur, þegar þess er þörf, þjóðernisskírteini skipsins, svo og skips-  
hafnarskrána, ef um veiðiskip er að ræða, og önnur skjöl, eftir því sem við á. Varð-  
veita tolleftirlitsmenn síðan skjöl þessi. En er skipið hefir lokið erindum sínum,  
greitt öll lögboðin gjöld og uppfyllt aðrar skyldur, er lög þjóða, afhenda tolleftirlits-  
menn skipstjóra aftur skjöl þessi.

16. gr.

Heimilt er að setja tollvörð í hvert það skip, sem þörf telst á að hafa tollvörð í,  
svo og að láta tolleftirlitsmenn fara með skipum hafna á milli til eftirlits, og ber í  
þeim tilfellum skipstjóra fyrir skipsins hönd ávallt að sjá tolleftirlitsmönnum  
endurgjaldslaust fyrir fæði á skipinu og fari með því, eftir því sem hæfa þykir fyrir  
opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum.

17. gr.

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti,  
hverjir sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem það er flutt sem vörur á farmskrám  
eða sem póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að flytja þetta  
allt til rannsóknar á tollgæzlustöð eða annan stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt.

Á þeim stöðum, þar sem ekki eru tolleftirlitsmenn, eða þeir geta ekki annað  
skoðun á böggulsendingum í pósti, má láta póstafrgæiðslumenn annast hana, eftir  
því sem nauðsyn kynni að krefja.

Setja má með reglugerð ákvæði um, að pósthöggla skuli senda frá útlöndum aðeins til tiltekinnar póststöðva hér á landi, enda sé erlendum póststjórnunum send tilkynning um það með hæfilegum fyrirvara.

18. gr.

Auk þess sem tolleftirlitsmönnum er heimilt að leita alstaðar í skipum, er þeim og heimilt að leita að tollsvikum vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum flutningstækjum, og er stjórnendum farartækjanna skylt að nema staðar, þegar tolleftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolleftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á til þess, að rannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.

19. gr.

Tollstjóri hefir vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæður þykja til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, þá hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

20. gr.

Ákvæði þessa kafla skulu, eftir því sem við á, gilda um loftför, flugvélar, flugbáta og önnur flugtæki, er lenda hér á landi, hvort heldur er á löggilttri höfn, í landhelgi eða á landi, og má farstjóri eigi leyfa samgöngur, fyrr en tolleftirlitsmenn hafa lokið störfum sínum og leyft samgöngur.

21. gr.

Nú er varðskipi eða flughát falið, í erindisbréfi foringja eða formanns þeirra, að aðstoða tollgæzluna við tolleftirlit, og hafa þá foringi eða formaður og skipverjar þeirra sömu réttindi í því starfi og tolleftirlitsmönnum eru veitt í lögum þessum.

### III. KAFLI

#### Um aðflutning.

22. gr.

Öll skip og önnur farartæki, sem flytja hingað til lands vörur, sem á að setja á land eða umskipa eða flytja í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenskrar landhelgi, skulu hafa meðferðis vöruskrá eða farmskrá (manifest) yfir vörur þessar. Ónauðsynlegt er þó, að settar séu á farmskrá eða vöruskrá þessa vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu á því, venjulegur farangur ferðamanna og skipverja.

Allir, sem hafa meðferðis vörur eða farangur, sem ekki er nauðsynlegt að skráður sé á farmskrána eða vöruskrána, skulu ótilkvaddir framvísa slíkum vörum eða farangri fyrir tolleftirlitsmönnum, og má enginn án leyfis tolleftirlitsmanna flytja í land farangur eða vörur, sem ekki er nauðsynlegt að skráðar séu á farmskrána eða vöruskrána, fyrr en slíkar vörur eða farangur hefir verið skoðaður af tolleftirlitsmönnum. Nánari ákvæði um framvísun vara og skýrslu um skipsforða og farangur má setja í reglugerð, svo og um það, hvað telja beri hæfilegan skipsforða og hvað venjulegan farangur ferðamanna.

Allar vörur, sem ætlaðar eru skipi, farþegum eða skipverjum til neyzlu í því og ekki verða taldar hæfilegur skipsforði, skulu tolleftirlitsmenn setja undir innsigli.

Aldrei má gefa eða selja í land af skipsforða, nema tollar séu greiddir af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning, sem lög hafa að geyma.

### 23. gr.

Farmskrá skal frá hverju landi vera samin í minnst 3 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur, sem eiga að fara á hverja einstaka höfn.

Aðalfarmskrá og útdrættir skulu vélritaðir eða greinilega skrifaðir, svo að auðvelt sé að lesa þá. Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer hverrar vörusendingar, sendandi og viðtakandi, heiti og þungi hverrar vörutegundar, eða ef um trjávið er að ræða, rúmmál, svo og flutningsgjald. Vörusendingar skulu á skráum og útdráttum tilfærðar í óslitinni töluröð.

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar hafnar, þar sem þær eiga að flytjast úr skipinu, sem flutti þær hingað til lands.

Afgreiðslumenn þeirra skipa, sem eiga að flytja tollskyldar vörur hingað til lands, og skipstjórar þeirra skipa, skulu á síðasta hrottfararstað skipsins frá hverju landi, þegar skipið hefir tekið allar vörur, sem það á að taka, undirrita tvö samritin af aðalfarmskránni, sem afhenda ber samkvæmt 24. gr., svo og vottorð ritað á skrárnar um það, að skipið hafi ekki frá hinni tilteknu höfn eða landi tekið aðrar eða meiri vörur til Íslands en þær, sem tilfærðar séu á aðalfarmskránni, að undanteknum þeim, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu á skipinu.

### 24. gr.

Á fyrstu höfn, sem skip, er hefir meðferðis vörur, er setja á í land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenskrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans tvö samrit af aðalfarmskrá, ásamt vottorði, sem sé gefið á þann hátt, sem segir í 155. gr. hegningarlaganna, um það, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tiltekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr skipum eða öðrum farartækjum á leiðinni, og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskrá, og þær, sem hann samstundis skýrir frá, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.

Tolleftirlitsmenn á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi, skulu gæta þess, hvort farmskrár séu samdar og útbúnar í fyrirskipuðu formi, svo og hvort skipstjóri hafi meðferðis alla útdrætti, sem afhenda ber á hverri einstakri höfn, sem skipið samkvæmt aðalfarmskrá á að flytja vörur til, og ennfremur hvort útdrættirnir séu samhljóða aðalfarmskrá. Annað samritið af aðalfarmskrá ber tollstjóra eða umboðsmanni hans síðan að senda hagstofnunni með fyrstu ferð.

Hitt eintak aðalfarmskrár skal tolleftirlitsmaður afhenda aftur skipstjóra, sem ber að skila því tollstjóra eða umboðsmanni hans á síðustu höfn hér á landi, sem skipið flytur vörur til. Sá tollstjóri eða umboðsmaður ráðstafar síðan því eintaki samkvæmt fyrirskipun, sem fjármálaráðuneytið hefir gefið um það.

Tolleftirlitsmenn skulu jafnan, hvort sem skip er í höfn eða utan hafna innan landhelgi, hafa aðgang að farmskrám og útdráttum, sem eru í skipi.

Á hverri höfn, sem skip hafnar sig á hér á landi til þess að setja tollskyldar vörur á land, ber skipstjóra að afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans útdrátt úr aðalfarmskrá yfir vörur þær, sem eiga að fara til þess staðar, og vottorð um það, að á þeim stað verði ekki látnar í land aðrar eða meiri tollskyldar vörur en þær, sem á útdrættinum eru. Útdrættir þessir og vottorð skulu síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum tollstjóra.

Eigi má byrja að afferma skip nema með leyfi tolleftirlitsmanns, en slíkt leyfi má ekki veita fyrr en skipstjóri hefir afhent öll framangreind skjöl.

Eftir því, sem nánara verður ákveðið í reglugerð, skal rita á aðalfarmskrá, sem fylgir skipinu, það, sem affermt er á hverri höfn, og þegar affermingu er lokið á síðustu höfn, sem skipið flytur vörur til, vottorð um það, að allt, sem á aðalfarmskrá er talið, sé affermt, eins og áritanir á skrána beri með sér.

25. gr.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra eða umboðsmanni hans, þar sem vöru, samkvæmt aðalfarmskrá skipsins, á að flytja úr skipinu, sem flutti vöruna hingað til lands, nema svo standi á, sem segir þegar hér á eftir.

Ef viðtakandi vöru er ekki á þeim stað, þar sem vara er flutt úr skipi, og vöruna á að senda áfram til hans, þá skal afgreiðslumaður skips þess, sem vöruna flutti frá útlöndum, eða ef hann er enginn á staðnum, skipstjóri, afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans, þar sem vara er flutt úr skipi, áður en hann sendir vöruna áfram til viðtakanda, eintak af farmskírteini því, sem varan er send með áfram, eða eftirrit af því. Farmskírteini þetta sendir tollstjóri eða umboðsmaður hans svo til tollstjóra eða umboðsmanns hans á ákvörðunarstað vörunnar um leið og varan er send, með tilkynningu um það, að aðflutningsgjöld séu ógreidd af vörunni, og eftir atvikum, að ekki sé fullnægt þeim skilyrðum, sem lög setja fyrir innflutningi vörunnar. Tollstjóra eða umboðsmanni hans á ákvörðunarstað ber síðan að innheimta og gera ríkissjóði skil fyrir aðflutningsgjöldum af vöru þessari á sömu leið og varan hefði verið innflutt beint frá útlöndum þangað og gæta þess, að lögmætum skilyrðum fyrir innflutningi vörunnar sé fullnægt.

Ennfremur skal afgreiðslumaður sá, sem vöruna sendir áfram, eða skipstjóri, senda með vörunni til afgreiðslumanns skipsins á ákvörðunarstað vörunnar, eða ef hann er enginn þar, afhenda skipstjóra, eintak af farmskírteini yfir vöruna, eða eftirrit af því, með áritun um það, að ekki megi afhenda viðtakanda eða öðrum vöruna, nema með leyfi tollstjóra eða umboðsmanns hans á ákvörðunarstað vörunnar.

Fyrirskipa skal sérstök eyðublöð undir bréf þau, sem tollstjórar á sendingarstað og ákvörðunarstað vara senda á milli sín samkvæmt framangreindum ákvæðum, svo og sérstök eyðublöð fyrir farmskírteini, sem gefin verða út fyrir vörum, sem sendar verða milli innanlandshafna, eins og gert er ráð fyrir hér á undan.

26. gr.

Aðflutningsgjöld, sem miðuð eru við vörumagn, skulu ákveðin eftir vegnu eða mældu vörumagni, eða eftir því, sem framskrá eða farmskírteini segja til um vörumagnið.

Aðflutningsgjöld, sem miðuð eru við verð vörunnar, skulu ákveðin eftir verði eða verðmæti vörunnar kominnar um borð í skip, sem flytur vöruna hingað til lands.

Viðtakendur eru skyldir að leggja fram fyrir tolleftirlitsmenn farmskírteini, innkaupsreikning og önnur skjöl, sem við koma innfluttri vöru og tolleftirlitsmenn þurfa að nota vegna starfa sinna.

27. gr.

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga þegar skip það, er vörunar flytur, hefir hafnað að sig þar, sem gjöldin eiga að greiðast. Ákveða má í reglugerð um meðferð á vörum, sem tollur er þannig fallinn á.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum, sem skráðar eru í sama farmskránum.

28. gr.

Skipstjórar og afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur, nema með samþykki tollstjóra eða umboðsmanns hans.

29. gr.

Hinar aðflutningsgjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjaldi, sektum og málskostnaði, og hefir eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim fyrr en búíð er að greiða gjöld þessi, sektir og málskostnað. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörunar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu skil ekki gerð, hefir tollstjóri eða umboðsmaður hans vald til að selja vörunar, án undanfarins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi, sektum og kostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara,

og má tollstjóri eða umboðsmaður hans krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til þeirrar vöru, sem gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, sektum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um gjaldskylda vöru.

#### 30. gr.

Nú vill svo til, að aðflutningsgjaldskyld vara hefir ónýtt á leið hingað til lands, eða við uppskipun, og skal þá ekki greiða aðflutningsgjöld af henni, ef viðtakandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði tolleftirlitsmanns, að farmskrá skips telji meira en viðtakandi fær, enda skal jafnan kveðja tolleftirlitsmenn til, þegar það kemur í ljós, að vara hefir ónýtt á leið hingað til lands eða við uppskipun.

Séu seldar á uppboði sjóskemdir vörur, sem vörumagnstollur hvílir á, skal greiða þann toll fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist ekki svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið allt í rikissjóð, að kostnaði fráðregnum. Séu hinsvegar seldar á uppboði sjóskemdir vörur, sem verðtollur hvílir á, telst söluverðið sannvirði, og greiðist verðtollurinn af uppboðsandvirðinu, með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði.

#### 31. gr.

Ef vara, sem aðflutningsgjöld hafa verið greidd af, er endursend aftur ónotuð í því ástandi, er hún var í, þegar hún var flutt hingað til lands, getur sá, er endursendi vöruna, fengið skirteini þar að lútandi hjá tollstjóra, sem innheimt hefir aðflutningsgjöld af vörunni. Ef hann síðar skilar því skirteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir um í skirteininu, sé þangað innflutt, endurgreiðir fjármálaráðuneytið honum aðflutningsgjöldin, að 2% fráðregnum.

Þó skal ekki endurgreiða aðflutningsgjöld, ef lengri tími en eitt ár líður frá því, að varan var flutt hingað til lands, þar til hún var endursend úr landinu aftur.

Af pósthöggjum, sem endursendir eru til útlanda, skal ekkert aðflutningsgjald greiða.

Nú er vara, sem hefir ekki verið vitjað, viðtakandi hefir ekki fundizt að eða neit að hefir verið viðtöku á, endursend innan árs frá því hún var flutt hingað til lands, og endursending vörunnar fer fram undir umsjón tolleftirlitsmanns, sem gefur út skirteini þar að lútandi, sem fylgir síðan vörunni til útlanda, þá skal ekki heimta af henni aðflutningsgjöld, ef sá, sem endursendir vöruna, afhendir framangreint skirteini tolleftirlitsmanni þeim, er gaf það út, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem í skirteininu greinir, sé þangað innflutt. Skal skirteinið svo fylgja tollreikningum. Nú afhendir sá, sem endursendir vöruna, ekki tolleftirlitsmanni innan hæfilegs tíma skirteinið, svo útbúið sem að framan greinir, og ber endursendanda þá að greiða aðflutningsgjöld af vörunni, enda ber tolleftirlitsmanni að ákveða þau áður en varan er flutt út.

### IV. KAFLI

#### Um útflutning.

#### 32. gr.

Áður en vörur eru fluttar héðan til útlanda, skulu útflytjendur afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu yfir hina útfluttu vöru, svo og samrit eða staðfest eftirrit af farmskirteini, er út hefir verið gefið fyrir vörunni. Skýrslur þessar skulu afhentar svo tímanlega, að fram geti farið skoðun á vörunum, ef þörf krefur, áður en ferming þeirra á sér stað. Vottorð lögskipaðra matsmanna um vöruna skulu þó yfirleitt látn nægja, enda er matsmönnum skylt að gefa tolleftirlitsmönnum þær upplýsingar um vörunnar, sem þeir óska eftir. Skýrslur þarf þó ekki að gefa um vörur, sem skip tekur héðan úr landi og atlaðar eru útflutningsskipinu sjálfu, skip-

verjum eða farþegum til neyzlu í því, venjulegan farangur skipverja og ferðamanna, nema þegar tolleftirlitsmenn óska eftir því, að slíkum vörum skuli framvísað, eða ákveðið verður í reglugerð, að jafnan skuli gefa skýrslur um slíkan flutning.

Skýrslu um afla íslenskra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða, ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla á erlandan markað, þegar það næst leitar hafnar hér á landi. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað, þar sem það er skrásett, þer að senda skýrslu þess tollstjóra þeim, þar sem skipið er skrásett að eiga heima.

Útflytjendur eru skyldir til að leggja fram fyrir tolleftirlitsmenn farmskrírteini og önnur skjöl og skilríki um útflutningsvörur, sem tolleftirlitsmenn þurfa að sjá vegna eftirlits og starfa sinna.

### 33. gr.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa skulu gera farmskrá yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings á hverri höfn, og afhenda þær í tveim samritum, áður en skip leggur úr höfn, tolleftirlitsmanni, og skulu á farmskránni standa tala, magn, tegund og merki varanna, nöfn sendanda og móttakanda, svo og flutningsgjald. Farmskrár skulu vélritaðar eða greinilega skrifaðar, og skulu vörusendingar tilfærðar á skrám í óslitinni töluröð.

Samrit af öllum farmskrám yfir vörur, sem skip tekur á hverri höfn, skulu vera í skipi þar til skipið leggur úr síðustu höfn hér á landi, en þá skal skipstjóri eða afgreiðslumaður skips hefta samritin saman og vottorð, útbúið á þann hátt, er getur í 155. gr. hegningarlögganna, um það, að skipið hafi ekki tekið og taki ekki hér á landi aðrar eða meiri útflutningsvörur en þær, sem tilfærðar séu á viðfestum samritum af farmskrám, og afhenda síðan tolleftirlitsmanni aðalfarmskrá þessa. Toll-  
eftirlitsmaður ráðstafar síðan aðalfarmskránni, samkvæmt fyrirskipun, sem fjármálaráðuneytið hefir gefið um það.

Ónauðsynlegt er, að settar séu á útflutningsfarmskrár vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, og venjulegur farangur ferðamanna og skipverja.

Vörur skulu settar á farmskrá frá þeirri höfn, þar sem þær fara um borð í skipið, sem flytur þær til útlanda.

### 34. gr.

Skýrslur þær, sem um ræðir í 32. gr., skal afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, þar sem varan fer um borð í skipið, sem flytur vöruna til útlanda. Heimilt er þó, ef vörur eru fluttar milli hafna til umskipunar í útflutningsskip, að afhenda útflutningsskýrslur og greiða útflutningsgjöld tollstjóra eða umboðsmanni hans á þeirri höfn, þar sem varan fer um borð í skipið, sem flytur vöruna til þeirrar hafnar, þar sem umskipunin á að eiga sér stað og varan á að koma á farmskrá, en vöru þessari þer að fylgja vottorð frá tollstjóra þeim eða umboðsmanni hans, sem skýrslur voru afhentar og útflutningsgjöld greidd til, um að fullnægt sé þeim fyrir-  
mælum, sem lög áskilja fyrir því, að flytja megi vöru til útlanda.

## V. KAFLI

### Um refsingar og önnur viðurlög.

#### 35. gr.

Brot gegn 5., 6., 9. og 12. gr. laga þessara varða sektum, svo og fangelsi, ef brot er ítrekað, nema brotið sé svo vaxið, að þyngri refsing liggji við því samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum.

Brot gegn 2. mgr. 10. gr., 11., 14., 15., 16. og 17. gr. varða sektum, ef brotið er ekki svo vaxið, að þyngri refsing liggji við því.



36. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa vanrækt að skýra tolleftirlitsmanni frá vörum, sem hann hefir innflutt, haft meðferðis eða tekið við, eða að hafa sagt ranglega til um vörur, og skal hann þá sæta sektum, ekki lægri en 100 kr., svo og fangelsi, ef mjög miklar sakir eru eða ef brot er margítrekað.

Ef maður hefir gefið ranga yfirlýsingu, sem er útbúin á þann hátt, er segir í 155. gr. almennra hegningarlaga, eða á annan samsvarandi hátt, skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri hegningarlaga grein er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 500 krónum.

Ennfremur er jafnan heimilt að gera upptækar vörur, sem undan hefir verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í 1., 2. og 3. mgr., skal sá, er þrisvar hefir gerzt sekur um þar nefnd brot, sviptur leyfi til verzlunar um ákveðinn tíma eða fyrir fullt og allt.

37. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum, fjárframlögum, heitum eða ráðum, að vörur séu ólöglega innfluttar eða tollsviknar, eða sá, sem fær annan til þess að flytja ólöglega inn fyrir sig vörur eða tollsvikja þær, enda þó þessir menn verði ekki álitnir aðalmenn í verknaðinum sjálfum, skulu sæta sektum, svo og fangelsi, ef sakir eru miklar eða ef brot er margítrekað.

Sömu refsingu skulu þeir sæta, sem aðstoða þá, sem hafa ólöglega innflutt vöru eða tollsvikið hana, við að selja hana, svo og þeir, sem kaupa vörur, sem þeir vita, að eru ólöglega innfluttar, eða mega vita það, eftir öllum atvikum að dæma.

Ennfremur er heimilt að svipta þá menn, sem sekir verða eftir þessari grein, leyfi til verzlunar um ákveðinn tíma, eða fyrir fullt og allt, ef brot er margítrekað.

38. gr.

Það varðar sektum, ef vanrækt er að afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans skýrslur þær, sem um ræðir í 32. gr.

Ef slíkar skýrslur eru gerðar rangar, varðar það sektum eða fangelsi, eða hvoru-veggja, ef sakir eru miklar. Sömu refsingu sætir sá, sem hefir eða hefði hagnað af rangri skýrslugerð og hin ranga skýrsla er gefin með hans vitund, enda liggja ekki við brotum þessum þyngri refsing samkvæmt hegningarlögunum eða öðrum lögum.

39. gr.

Ef nokkur tregðast við að gefa vottorð þau, sem um ræðir í 19. gr. laga þessara, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má tollstjóri ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda. Aðför má gera í eignum sökunauta fyrir sektum samkvæmt grein þessari.

40. gr.

Það varðar skipstjóra sektum, allt að 5000 kr., ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, samdar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að verða í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda farmskrár eða útdrætti tolleftirlitsmanni. Ef svo stendur á eða skrá er áfátt, getur tolleftirlitsmaður og krafizt þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður skips riti upp farmskrár og útdrætti, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipi eða látið rannsaka skipsfarm á kostnað skipseiganda. Annars má tolleftirlitsmaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr eða í skip eða rannsaka skipsfarm, en ekki ber skipseigandi kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talningu eða rannsókn.

41. gr.

Sé afferming byrjuð án leyfis tolleftirlitsmanns, varðar það skipstjóra sektum.

42. gr.

Brot gegn 25. gr. varðar afgreiðslumennina eða skipstjórann sektum, og greiði þeir auk þess aðflutningsgjöld þau, sem á vörinni hvíla.

43. gr.

Brot gegn 28. gr. varðar sektum, allt að 5000 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni, ef hann er þar á staðnum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalds af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 29. gr. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda án samþykkis tollstjóra eða umboðsmanns hans, þá er viðtakandi skyldur að skýra tolleftirlitsmanni frá því þegar í stað, og greiði hann þá gjaldið um leið.

## VI. KAFLI

### Ýms ákvæði.

44. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Þó sæta brot gegn 2. mgr. 36. gr. sakamálsmeðferð.

45. gr.

Sektir allar renna í rikissjóð. Ennfremur eru vörur, sem gerðar eru upptækar samkvæmt lögum þessum, eign rikissjóðs.

46. gr.

Fyrir gjaldheimtu og sektum eftir lögum þessum skal gera reikning samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

47. gr.

Póstafgreiðslumenn innheimta vörutoll og verðtoll, sem greiða ber samkvæmt gildandi lögum af pósthöggjum, sem fluttir eru til landsins frá útlöndum, eftir reglum, sem settar skulu af fjármálaráðherra um þá tollheimtu. Póstafgreiðslumenn fá 4% innheimtulaun af nefndum aðflutningsgjöldum, sem þeir innheimta.

48. gr.

Nánari ákvæði um skilning og framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð, og má ákveða þar sektir fyrir brot gegn henni.

49. gr.

Auglýsa skal á skipum, sem annast vöru- og farþegaflutning milli landa, og á öðrum stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum og sérstæðum ákvæðum annara tollaga og reglugerða, settum samkvæmt þeim.

50. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, ensku, þýzku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: 2. gr., 3. gr., 1. og 2. mgr. 4. gr. og 5.—15. gr. tollaga, nr. 54 11. júlí 1911, lög um breyting á þeim lögum, nr. 43 2. nóv. 1914, 2. og 3. mgr. 2. gr. og 4.—5. gr. laga um vörutoll, nr. 54 15. júní 1926, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun fjármálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Þegar litið er á þau mörgu og margvíslegu verkefni, sem tollstjórum og tolleftirlitsmönnum eru falin, þá verður því ekki neitað, að tryggilega þarf að vera að þessum mönnum búið. Tollstjórar innheimta mestallar þær tekjur, sem rikissjóður fær, og tollstjórar og tollgæzlumenn eiga að tryggja það, að rikissjóðurinn fái þau gjöld, sem lögákveðin eru, og jafnframt að veita þeim mönnum og stofnunum, sem gjöldin greiða skilvislega og með samvirkusemi, vernd gegn því, að aðrir komist undan því að greiða gjöldin. Sömuleiðis ber tolleftirlitsmönnum að sjá um, að gjaldeyrislögum sé hlýtt, bæði hvað varðar innflutning og útflutning, að vörur séu ekki fluttar inn án leyfis innflutningsnefndar og vörur séu ekki fluttar til útlanda án þess að erlendur gjaldeyri komi fyrir vörurnar. Þá ber tolleftirlitsmönnum að gæta þess, að áfengi, tóbak og aðrar einkasöluvörur séu ekki fluttar inn ólöglega, annast sóttvarnir gagnvart útlöndum og að farið sé eftir lögum um varnir gegn því, að húsdýrasjúkdómar berist til landsins, að lögum og reglugerðum, sem á hverjum tíma gilda um skip og siglingar frá útlöndum og til útlanda, sé hlýtt, og hlutaðeigandi skip fái þá vernd og öryggi, sem þau eiga kröfu til, er þau fullnægja settum ákvæðum. Svo skulu þeir og gæta þess, að islenzkar afurðir séu ekki fluttar til útlanda án leyfis tiltekinna stjórnarvalda, þegar slíkt leyfi til útflutnings er áskilið í lögum, og enn fremur að gæta þess, að afurðir þessar séu metnar af lögskipuðum matsmönnum, þegar það er boðið í lögum. Annars má um störf og skyldur tolleftirlitsmanna vísa til þess, sem segir í þingskjali 439 frá 1932 (Alþið. 1932, A. bls. 857—865).

Það, sem mjög háir tolleftirlitinu í starfi þess, er það, hve hinar almennu reglur hinna ýmsu tolllaga um tollheimtuna og tollgæzluna eru ófullnægjandi. Þetta stafar af því, að þessum ákvæðum laganna hefir í raun og veru verið litið breytt eða umbætt síðan fyrstu tolllög voru sett hér með tilskipun 26. febrúar 1872, um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. Með þeim var lagður tollur á eina vörutegund og að því er tolleftirlit snertir mjög treyst á aðstoð dönsku tollgæzlunnar við afgreiðslu skipa þaðan hingað til lands. Síðan hafa hver tolllögin af öðrum tekið upp þessar reglur án þess að umbæta þær að nokkru verulegu leyti, sem tollgæzlustarfinu gæti komið að gagni. Eftir að tolleftirlitið hefir verið aukið á síðari árum, sem var orðið óhjákvæmilegt, hefir það komið meira og meira í ljós, að þessum almennu reglum tolllaganna þarf að breyta, umbæta þær og auka. Að visu hafa tilraunir verið gerðar til þess af landsstjórnarinnar hálfu, en lagafrumvörp, sem um það hafa verið flutt, hafa ekki orðið útrædd, sjá Alþingistiðindi 1931, A. þingskjöl 5 og 6, bls. 100—133, og Alþið 1937, A. þskj. 8, bls. 83—88. Vegna þess að nauðsynleg lagafyrirmæli um þetta hafa ekki fengið framgang, hefir landsstjórnin leitast við að bæta úr tilfínanlegustu annmörkunum á því, að slík lagafyrirmæli hefir vantað, með því að gefa út reglugerð um þetta efni 30. janúar 1935, Stjórnartíðindi 1935, B. bls. 22—26. En bæði er það, að ýms bráðnauðsynleg ákvæði vantar í reglugerð þessa, vegna þess að engin lagaheimild var til að setja þau, og svo það, að orkað getur tvímælis, hvort næg lagaheimild sé fyrir einstaka fyrirmælum, sem í reglugerðinni standa, og gæti það orðið mjög óþægilegt fyrir tolleftirlitsmenn eða framkvæmdarvaldið, ef tolleftirlitsmenn og menn, sem reglunum er beitt gagnvart, greindi á, og dómstólarnir út af því kæmst að þeirri niðurstöðu, að ákvæði þau, sem beitt hefði verið, hefðu ekki fulla stöð í lögum.

Til þess að bæta úr öllum þessum annmörkum, sem að framan greinir, hefir lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, verið samið. Í frumvarpið eru tekin öll ákvæði um tollheimtu og tolleftirlit almennt og öll ákvæði hinna ýmsu tolllaga um þetta efni felld niður, svo að eftir verða í gildi aðeins ákvæði tolllaganna um það, hverjar vörur eru tollskyldar eftir þeim og hve háa tolla skuli af þeim greiða (toll-

tarif). Þeim lögum hverjum um sig má svo alltaf breyta án þess að lögin um tollheimtu og tolleftirlit haggist við það.

Eftir því, sem ástandið er nú vaxið um þessi mál og hér á undan hefir verið vikið að, verður ekki hjá því komizt lengur, ef öll tollgæzla og tollheimta á ekki að fara í mola, að fá frumvarp þetta nú þegar afgreitt sem lög.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Hér eru taldir þeir valdsmenn, sem fara með tollmál, svo að séð verði, hver stjórnarvöld fara með þessi mál.

Um 2. gr.

Talað er um tollgæzlumenn í þessari grein. Ekki þykir rétt að ákveða tölu, stjórn eða störf tollgæzlumanna með lögum, heldur þykir rétt, að slíkt sé ákveðið í reglugerð og fari eftir því, hvernig samgöngum er háttað við útlönd á hverjum tíma, svo og hvaða störf þeim eru falin hverju sinni samkvæmt gildandi lögum.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er fyrir þá, sem við tollmál fást, og fyrir innflytjendur og útflytjendur að hafa aðgang að skrá yfir umboðsmenn sýslumanna á höfnum.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er skýrt, hvað átt sé við með orðinu tolleftirlitsmaður í frumvarpinu. Ákvæði 2. og 3. mgr. eru tekin eftir norskum lagaákvæðum. Þykir rétt að taka ákvæði um þetta efni upp í íslenska tolleftirlitslöggjöf, til þess að firra tolleftirlitsmenn óþægindum.

Um 5. og 6. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 4. gr., í aðalatriðum 3. gr. og 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Ákvæði þessi eru ekki síður nauðsynleg vegna tolleftirlits en sóttvarna, og þess vegna eru þau tekin upp í frumvarpið.

Um 7. gr.

Í norskum lögum er samskonar ákvæði og hér um ræðir, og þykir rétt að taka slíkt ákvæði upp í íslenska tolleftirlitslöggjöf, enda svipaðir erfiðleikar með tolleftirlit hér á landi og í Noregi, þar sem á báðum stöðum er löng strandlengja og strjálbýli og þannig erfitt og kostnaðarsamt að hafa tryggt og nægilega mannað tollgæzlulíð á hverri höfn.

Um 8. gr.

Það er alþjóðaregla, að skip, sem eru í landhelgi tiltekins lands, séu háð toll-  
eftirliti úr því landi. Á Norðurlöndum gildir almennt sú regla, að tolleftirlit nái 4 sjómilur á haf út. Í 2. mgr. 5. gr. áfengislaganna kemur regla þessi fram, og er regla þessarar greinar samhljóða henni. Í öðrum löndum en Norðurlöndum er fylgt annari reglu, en rétt þykir að fylgja Norðurlöndum í þessu efni, eins og gert hefir verið í áfengislögnum.

Um 9. gr.

Grein þessi er samhljóða tilsvareandi grein í norskum tolleftirlitslögum.

Um 10. gr.

Ákvæði þessi eru, eins og gefur að skilja, nauðsynleg til þess að tolleftirlit geti komið að fullu gagni, enda lög í öðrum löndum. Greinin er sama efnis og síðari hluti 1. gr. og 11. gr. núgildandi reglugerðar um tollgæzlu.

Um 11.—14. gr.

Greinar þessar eru teknar úr reglugerðinni um tollgæzlu, og eru ákvæði þeirra nauðsynleg fyrir tolleftirlitið.

Um 15. gr.

Fyrirmæli greinarinnar eru tilsvareandi ákvæðum fyrri hluta 8. gr. og 9. gr. reglugerðarinnar um tollgæzlu.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar svarar til 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar um tollgæzlu. Ákvæðið er mjög þýðingarmikið, þegar hafðir eru í huga staðhættir hér á landi, þar sem það tolleftirlit kemur að verulegu gagni, að tolleftirlitsmenn fylgi skipum frá fyrstu til síðustu hafnar hér á landi.

Um 17. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nauðsynlegt til þess að nokkurt tolleftirlit geti yfirleitt átt sér stað.

2. mgr. þarfnast engra skýringa.

Tilsvareandi fyrirmæli og ákvæði 3. mgr. er í erlendri pósthöggjöf, og mælir margt með því, að það sé einnig í íslenskri löggjöf, enda þá hægara um eftirlit með pósthögglaflutningi.

Um 18. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar er tilsvareandi og ákvæði í norskri tolleftirlitslöggjöf, og er nauðsynlegt, að ákvæði um þetta efni sé í íslenskri löggjöf.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 7. gr. vörotollslaganna og 5. gr. tollaga, nr. 54/1911, en ákvæði greina þessara verða úr gildi numin með lögum þessum.

Um 20. gr.

Eins og gefur að skilja, er ekki síður nauðsynlegt, að haft sé tolleftirlit með flugtækjum, sem koma frá útlöndum, en með skipum, sem koma þaðan. Rétt er því, að tilsvareandi reglur gildi um flugtæki og skip.

Um 21. gr.

Nauðsynlegt getur verið, að varðskip landsins aðstoði tolleftirlitið. Greinin er samhljóða 12. gr. reglugerðarinnar um tollgæzlu.

Um 22.—24. gr.

Fyrirmæli þessara greina svara til ákvæðanna í 5. og 8. gr. vörotollslaganna, 3. gr. tollaga, nr. 54 11. júlí 1911, og 8. gr. laga 15. apríl 1854, um siglingar og verzlun á Íslandi.

Fyrirmæli greina þeirra, sem hér um ræðir, eru gerð skýrari, fyllri og tryggari fyrir tollheimtuna og tolleftirlitið en nefnd nógildandi lagaákvæði eru, enda hefir viljað koma fyrir, að farmskrár og farmskrárútdrættir hafi ekki verið eins vel gerðir og áður tíðkaðist eða nauðsynlegt er, að þær séu, og því vantað á skrárnar fullnægjandi upplýsingar um vörur, sem með skipum hafa verið. Einnig er nauðsynlegt, að litið sé eftir því af tolleftirlitsmönnum, að skrár séu úr garði gerðar eins og fyrirskipað er.

Það nýmæli, sem sérstaklega er þýðingarmikið fyrir tolleftirlitið, er, að samrit af aðalfarmskrá skipsins skuli jafnan vera í skipi frá fyrstu til síðustu hafnar hér á landi, því að þá geta tolleftirlitsmenn fylgt með allri uppskipun vara.

Um 25. gr.

Ákvæði 1. mgr. svarar til 2. gr. tolllaganna frá 1911 og 4. gr. vörotollslaganna.

Ákvæði 2. mgr. er þýðingarmikið nýmæli fyrir vöruflutninga milli hafna og skipaafgreiðslurnar.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru sett til þess að tryggja rikissjóð, með því að fyrirbyggja mistök, sem geta orðið þegar samtímis eru fluttar milli hafna innlendar vörur og vörur, sem komið hafa frá útlöndum.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. og fyrri hluta 2. mgr. eru samhljóða nógildandi ákvæðum vörotollslaganna, verðtollslaganna og tolllaganna frá 1911, að öðru leyti en því, að vörur, sem vörumagnstollar hvíla á, skuli vegnar eða mældar hér, þegar því verður við komið, en ekki verði ávallt farið eftir farmskrám og farmskirteinum, eins og víðast hvar er gert hér á landi, enda virðist ekki vanþörf á því, að svo verði, þar sem komið hefir í ljós, að menn hafa reynt að svikja vörotoll með því að segja rangt til um vöruþunga á farmskirteinum.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru í samræmi við gildandi lög.

Um 27. gr.

1. mgr. svarar til ákvæðanna í síðari hluta 3. mgr. 4. gr. tollaga frá 1911 og síðustu mgr. 6. gr. vörotollslaganna. Til þess að tryggja rikissjóð, ef þörf krefur, er gefin heimild til að setja reglugerðarákvæði um meðferð á vörum, sem tollur er fallinn á. Annars eru ákvæðin um gjalddaga óbreytt.

Ákvæði 2. mgr. er nauðsynlegt vegna tollbókhaldsins og endurskoðunar tollreikninga.

Um 28. gr.

Ákvæði greinarinnar er samhljóða 1. mgr. 6. gr. vörotollslaganna og 1. mgr. 4. gr. tollaga frá 1911.

Um 29. gr.

Greinin er sama efnis og 9. gr. tollaga frá 1911 og 10. gr. vörotollslaganna. Gert er þó ráð fyrir, að lögveð sé einnig í vörunni fyrir málskostnaði.

Um 30. gr.

Efni greinarinnar svarar til 10. gr. tollaga frá 1911 og 11. gr. vörotollslaganna.

Um 31. gr.

1. mgr. svarar til 14. gr. tollaga frá 1911 og 12. gr. vörotollslaganna.

Um 2. mgr. er það að segja, að í nógildandi lögum er ekki tiltekið, að menn, sem vilja endursenda vörur og fá endurgreiddan toll af þeim, skuli gera það innan tiltekins tíma frá því vörurnar komu hingað til lands. Af þessu leiðir, að viðtakendur, sem ætla sér ekki að hirða vörurnar, láta þær liggja afskiptalausar, þar til þær verður að selja fyrir tolli. Af þessu stafar og skaði fyrir sendendur varanna og lánstraust út á við, svo og óþægindi fyrir tollheimtuna og afgreiðslu skipanna. Og þó nú svo að tollur sé greiddur til að losna við sölu varanna, er það engu síður tafsammt fyrir tolleftirlitsmenn að rannsaka og sannfæra sig um, hvenær tollur hafi verið greiddur af umræddri vöru, en það er þeim gert að skyldu að votta um, er varan löks er flutt út aftur. Með viðaukatillögunni er því leitast við að ýta bæði undir viðtakendur og afgreiðslumenn að láta ekki endursendingu varanna dragast úr hófi, er krafa um endurgreiðslu á tolli af þeim tapast, þegar ákveðinn tími er liðinn frá því, að þær voru fluttar hingað til lands. Ársfrestur virðist nægur í öllum tilfellum.

3. mgr. svarar til ákvæðanna í síðasta hluta 2. mgr. 2. gr. vörotollslaganna.

Ákvæði síðustu málsgreinar þessarar greinar eru tekin í frumvarpið samkvæmt tilmælum Eimskipafélags Íslands.

Um 32. gr.

Skýrslur þær, sem um ræðir í greininni, verða tolleftirlitsmenn að fá vegna innheimtu þeirra á útflutningsgjöldum og vegna eftirlits þeirra vegna gjaldeyrislaga og annara laga um verzlun við útlönd. Skjöl þau og skilríki, sem um ræðir í 3. mgr., verða þeir að sjá, svo að eftirlit þeirra komi að fullu gagni.

Um 33. gr.

Það gegnir sama máli um ákvæði þessarar greinar og ákvæði 33. gr., að þau eru sett vegna eftirlits tolleftirlitsmanna með útflutningi og vegna innheimtu þeirra á útflutningsgjöldum, gjaldeyrisskýrslum og útflutningsskýrslum handa hagstofu og fiskifélagi.

Um 34. gr.

Eðlilegasta reglan um það, hvar eigi að afhenda skýrslu um útflutta vöru, er sú, að skýrslan sé afhent þar, sem varan fer um borð í útflutningsskipið. Þar er hægst að fylgjast með útskipun hennar og ásigkomulagi. Þó er gerð sú undantekning, að skýrslu má afhenda tollyfirvaldi á þeirri höfn, þaðan sem varan er send, enda fylgi vörunni vottorð til þeirrar hafnar, þar sem hún fer í útflutningsskipið, og getur tolleftirlitsmaður sá, sem þar er, einnig athugað vöruna og fylgzt með útskipun hennar.

Um 35. gr.

Brot gegn fyrirmælum greina þeirra, sem taldar eru í 1. mgr., eru alvarlegra eðlis en brot gegn fyrirmælum greina þeirra, sem taldar eru í 2. mgr., og því eru refsingarnar hafðar þyngri samkvæmt 1. mgr. en samkvæmt 2. mgr.

Í þessu lagafrumvarpi er yfirleitt ekki tiltekið hámark sekta, en það fer eftir ákvæðum laga nr. 13 8. júní 1925, um sektir.

Um 36. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. mgr. svara til fyrirmælanna í 1., 2. og 4. mgr. 1. gr. laga nr. 43 2. nóv. 1914 og sömu mgr. 9. gr. vörutollslaganna.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir, að gera megi upptækar tollsviknar vörur, en sú regla gildir víðast hvar erlendis.

Reglur núgildandi laga, að greiða skuli þrefaldan toll af tollsvikum vörum, virðast eiga illa við og hafa reynzt næstum óframkvæmanlegar eftir að gjaldeyrislögin komu í gildi, enda leitt til óeðlilegrar niðurstöðu fyrir sakborninga.

Um 37. gr.

Nú er hlutdeildarmönnum í tollsvikabrotum ekki refsað, ef þeir verða ekki taldir aðalmenn í verksaðinum. Oft er þó litill munur á aðalmönnum og hlutdeildarmönnum svo nefndum, og því getur verið mjög óeðlilegt, ef hlutdeildarmenn sleppa, en aðalmenn svo nefndir verða einir dæmdir. Tilætlunin er að ráða bót á þessu með ákvæðum þessarar greinar.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru tekin eftir danskri tolllöggjöf, og virðist margt mæla með því, að þau séu tekin í íslenska löggjöf.

Um 38. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. myndu oft varða við hegningarlögin, en þó þykir rétt að hafa skýr ákvæði um þetta efni í lögum þessum.

Um 39. gr.

Ákvæði greinarinnar er samhljóða 2. mgr. 7. gr. vörutollslaga og 2. mgr. 5. gr. tolllaga frá 1911, að öðru leyti en því, að dagsektir eru hækkaðar.

Um 40. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 2. mgr. 8. gr. vörutollslaganna núgildandi.

Um 41. gr.

Hún svarar til síðustu mgr. 5. gr. vörutollslaganna og síðustu mgr. 3. gr. tolllaganna frá 1911.

Um 42. gr.

Svarar til fyrirmælanna í 3. gr. nógildandi verðtollsreglugerðar.

Um 43. gr.

Hér eru að mestu leyti tekin upp ákvæði í 6. gr. vörutollslaganna nógildandi, aðeins er ætlazt til, að sektir séu hækkaðar vegna þess, hve mikilsvert það er fyrir tollheimtuna, að fylgt sé fyrirmælum greinarinnar. Auk þess er ætlazt til, að skipstjóri eða afgreiðslumaður, eftir því hjá hverjum sökin er, beri ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörum, á sama hátt og segir um viðtakanda í 29. gr. Í framkvæmdinni hefir verið litið svo á og því framfylgt, að auk sektanna beri umræddir menn ábyrgð á greiðslu tolls af ólöglega afhentum vörum, en til þess að aðvara um það, þykir rétt, að það sé beinlínis tekið fram.

Um 44.—46 gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Að efni til er greinin samhljóða því, sem nú gildir, að öðru leyti en því, að það ákvæði er fellt niður, að greiða beri vörutoll með frimerkjum, en póst- og simamálastjóri hefir borið fram kröfu um það, að hætt verði að kvitta tolla með frimerkjum, þar sem það hafi slæm áhrif á sölu og eftirspurn íslenskra frimerkja úti um heim. Póstmenn hafa nú 4% af frimerkjum.

Um 48.—50. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Þess skal getið, að tilætlunin er, að ákvæði laganna um verzlun og siglingar á Íslandi, frá 15. apríl 1854, haldi gildi sínu, að svo miklu leyti, sem þau fara ekki í bág við þessi lög.

Um 52. gr.

Þarfnast ekki skýringa.